

**Kennari:**  
Elfa Ingvadóttir  
Linda María Hauksdóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Kennsla inn í bekk

**Tímafjöldi:**  
1 kennslustund

**Bekkur:**  
8. bekkur

## Danska

Norðurlandamál eru kennd vegna samskipta og menningartengsla við norrænar þjóðir. Saga okkar er samofin sögu þeirra og menningu. Menningararfurinn er sameiginlegur og tungumálin eru af sömu rót sprottin. Tilgangurinn með kennslu í norrænum tungumálum á Íslandi er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegum markaði menntunar og atvinnu á öllum Norðurlöndunum.

Megintilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Í tungumálanámi eiga nemendur að öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum, þannig að það hæfi tilgangi, aðstæðum og viðtakanda hverju sinni. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti. Tungumálanám á að veita nemendum tækifæri til að rækta með sér skilning á ólíkum lífskjörum og tilfinningu fyrir félagslegum og menningarlegum aðstæðum hjá öðrum þjóðum. Námið á að stuðla að því að nemendur sjái sig sem hluta af og jafnoka í alþjóðasamfélagi og auka vitund þeirra um þau tækifæri sem felast í því að hafa vald á erlendum tungumálum. Námið þarf að miða að því að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi, þeir setji sér markmið, ígrundi og meti eigin námsframvindu og greini þar með veikar og sterkar hliðar sínar. Þannig má örva trú nemenda á eigin getu og efla þroska þeirra og sjálfsmynd.

## Danska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Hlustun:	Smart Tak A Valið efni af netinu Kvikmyndir Þættir Tónlist	– skilið talað mál um efni sem varðar hann sjálfan, áhugamál og daglegt mál – skilið í meginatriðum samtöl af ýmsum toga og nýtt sér í ræðu og riti – hlustað eftir nákvæmum atriðum þegar þörf krefur og brugðist við eða/og unnið úr þeim – skilið það mál sem notað er í kennslustofunni	Hlustunarefni Umræður

Lesskilningur:	Smart Tak A Kjörbók Valið efni af netinu	<ul style="list-style-type: none"> <li>– lesið sér til gagns og ánægju</li> <li>– lesið auðlesna texta af ýmsum gerðum og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans</li> <li>– fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt í verkefnavinnu</li> <li>– skilið megininntak í ólíkum textum og geti unnið út frá þeim</li> </ul>	Lestur Lesskilningsverkefni Kjörbók
Samskipti:		<ul style="list-style-type: none"> <li>– tjáð sig um efni sem hann þekkir vel og hefur lært um</li> <li>– skilið leiðbeiningar sem tengjast daglegu lífi</li> <li>– tekið þátt í einföldu samtali við aðra nemendur og kennara á dönsku um t.d. áhugamál sín</li> <li>– tekið þátt í samskiptaleikjum og samtalsæfingum</li> <li>– spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst</li> </ul>	Umræður
Ritun:	Smart Tak A Kjörbók	<ul style="list-style-type: none"> <li>– skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt</li> <li>– skrifað texta af mismunandi gerðum</li> <li>– notað algengustu tengiorð og greinamerki</li> </ul>	Kjörbókarvinna Ritunarverkefni
<b>Námsmat:</b>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur, alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í náminu.</p>		